


Bergstaðastræti 34 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð er fram fyrirspurn Bjargar Vilhjálmsdóttur, dags. 21. október 2023 um leyfi fyrir byggingu glerskála við íbúðarhús á lóð nr. 34 við Bergstaðastræti. Erindi fylgir bréf fyrirspyrjanda ásamt teikningu af fyrirhugaðri viðbyggingu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags frá 2005


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er Bergstaðastræti 34 í skilgreindri íbúðarbyggð (IB10).


Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Í bréfi fyrirspyrjanda er gerð grein fyrir fyrirkomulagi húsa á lóð frá fyrri tíma ásamt ljósmyndum af núverandi ástandi auk teikningum af fyrirhuguðum glerskála.



Eldri viðbygging sem rifin var 1970



Teikning af fyrirhuguðum glerskála



Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við fyrirspurn. Leita þarf álits Minjastofnunar Íslands varðandi áform. Grenndarkynna þarf umsókn um byggingarleyfi berist hún.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt